

## AUGLÝSING

### um endurskoðað starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur endurskoðað starfsleyfi fyrir Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal, kt. 500169-4359, til að framleiða árlega í fiskeldisstöð á Háeyri 1, Sauðárkróki, allt að 14 tonnum af laxi, bleikju, hornsíli, þorski, lúðu, hlýra, hrognkelsi, beitífiski, zebrafiski, beitukóngi o.fl.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Starfsleyfið öðlast þegar gildi og gildir til 18. desember 2024.

*Umhverfisstofnun, 9. september 2016.*

**Kristín Linda Árnadóttir** forstjóri.

\_\_\_\_\_  
*Sigrún Ágústsdóttir* sviðsstjóri.